

**Mál nr. 122/2019**

**M og  
M v/ málskostnaðartryggingarliðar fasteignatryggingar.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna kostnaðar við dómsmál  
sem lauk með því að það var fellt niður.**

**Gögn.**

Málskot, móttekið 26.3.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 17.4.2019, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M höfðaði dómsmál á hendur A, byggingaraðila tiltekins fjöleignarhúss og var málið þingfest fyrir dómi 17. apríl 2018. Dómsmálið varðaði m.a. ágreining aðila um ákvæði í samþykktum A um ákvörðun söluverðs íbúðar sem var í eigu M, en annars var dómkrafa M sett fram í þremur liðum. Eftir að málið var höfðað munu dómur hafa fallið í þremur sambærilegum dómsmálum á hendur A þar sem fallist var á tvær af þremur hliðstæðum kröfum og M hafði uppi gegn A. Í kjölfar þessara dóma varð að samkomulagi milli M og A að heimilt væri að selja íbúðina á markaðsverði að fullnægðum nánar tilgreindum skilyrðum. Hinn 6. mars 2019, þegar eignin hafði verið seld á frjálsum markaði, var dómsmál M gegn A fellt niður og málsaðilar féllu frá málskostnaðarkröfum sínum, en að sögn M hafði því verið neitað af hálfu A að ljúka dómsmálinu með réttarsátt.

M nýtur verndar úr málskostnaðartryggingarlið fasteignatryggingar sem fjöleignarhús það sem íbúð M tilheyrði hafði í gildi hjá V. Hefur M krafist þess að fá kostnað vegna málarekstursins bættan úr málskostnaðartryggingunni. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til ákvæðis í skilmálum váttryggingarinnar þar sem segir að félagið greiði vegna hvers tjóns nauðsynlegan og eðlilegan lögmanns- og málskostnað sem váttryggður getur ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera þegar málið hefur verið til lykta leitt með dómi eða réttarsátt.

M hefur ekki fallist á afstöðu V. Þótt ákvæði skilmálanna eigi ekki við samkvæmt orðanna hljóðan eigi hér við sama sjónarmið og gildir um skyldur tjónþola til að takmarka tjón sitt. V hafi fyrr fallist á bótaskyldu en endanleg höfnun félagsins sé einungis til komin þar sem málið hafi ekki endað með dómi eða réttarsátt. Af þessari niðurstöðu leiði að aðilar kunni að vera settir í þá stöðu að neyðast til að láta dóm ganga þvert á hagsmuni aðila, hins váttryggða og váttryggingafélagsins, til þess eins að uppfylla framangreint formskilyrði skilmála váttryggingarinnar. Telur M slíka niðurstöðu ótæka.

**Álit.**

Umrætt dómsmál var leitt til lykta með því að það var fellt niður og aðilar féllu frá kröfum sínum um málskostnað úr hendi gagnaðila. M mun ekki hafa átt þess kost að ljúka málinu með réttarsátt vegna neitunar gagnaðilans. Á það má fallast með M að við aðstæður, eins hér voru uppi, hefði M þurft að neita öllum sáttum við A og láta málið ganga til dóms í þeirri von að dómsniðurstaða yrði hin sama og í þeim þremur dómum sem áður höfðu gengið til að geta vænst þess að fá bættan kostnað sinn vegna málarekstursins úr málskostnaðartryggingunni.

Hvað sem framangreindu líður eru skilmálar málskostnaðartryggingar þeirrar sem hér um ræðir skýrir að því leyti að lögmanns- og málskostnaður fæst bættur úr váttryggingunni því aðeins að dómsmálið hafi verið til lykta leitt með dómi eða réttarsátt. Skilmálaákvæðið er skýrt að þessu leyti. Af því leiðir að ljúki máli með öðrum hætti, svo sem sátt utan réttar og niðurfellingu máls án kostnaðar í kjölfarið ellegar frávísun, fæst lögmanns- eða málskostnaður ekki bættur úr váttryggingunni. Samkvæmt þessu á M ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingunni vegna fyrrgreinds málareksturs.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 14. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.